

Fréttabréf ÍRA



2. ÁRGANGUR.

3. TÖLUBLAÐ
MARZ 1980.

Aðalfundur Í.R.A. var haldinn sunnudaginn 3. febrúar sl. Fundinn sóttu um 30 manns. Hér á eftir fer stutt yfirlit frá því helzta sem þar gerðist. Ritstj. hefur þann fyrirvara að hugsanlega kann ýmislegt að gleymast í upptalningunni, því þetta er tekið saman eftir minni þar eð enn hefur fundargerðin ekki verið hreinrituð er þetta er skrifað...

Fráfarandi formaður, TF3KB, las skýrslu sína um starfsemi félagsins á liðnu ári. Þá gerði fráfarandi gjaldkeri grein fyrir reikningum og endurskoðendur lögðu einnig nokkur orð í belg. Allt var þetta samþykkt af fundinum eins og vænta mátti.

Lagabreytingar (þ.e. breytingar á félagssamþykktum Í.R.A.) voru nokkrar, en þær voru tiltölulega rösklega afgreiddar, enda höfðu þær verið ræddar á sérstökum félagsfundum skömmu áður. Á næstunni verða félagssamþykktirnar fjölritaðar aftur og dreift til félaga.

Formaður var kjörinn og tveir menn í stjórn til tveggja ára. Tveir aðrir sitja áfram út komandi starfsár. Stjórnin hefur þegar skipt með sér verkum og er nú þannig skipuð:

Kristján Benediktsson, TF3KB: formaður,
Sigurður Jakobsson, TF3CW: varaformaður,
Jónas Bjarnason, TF3JB: ritari,
Helgi V. Karlsson, TF3RA: gjaldkeri,
Yngvi Harðarson, TF3YH: meðstjórnandi og spjaldskrárritari.



(frh.)

Varamenn í stjórn voru kjörnir:

Leifur Guðmundsson, TF3LG: vararitari,
Sigurbjörn Bjarnason, TF3SB: varagjaldkeri.

Endurskoðendur voru kjörnir Guðjón Einarsson (TF3AC) og Sæmundur Þorsteinsson (TF3UA) og auk þess Gísli Ófeigsson (TF3US) til vara.

Á aðalfundinum var TF3AC veittur áletraður skjöldur að gjöf sem viðurkenningu fyrir einstakt starf að QSL-málum amatöra. Í greinargerð Guðjóns um QSL-mál á liðnu ári kom í ljós að þar hafði verið haldið vel á spöðunum svo sem endranær, en þó vildi hann einnig þakka Matta, TF3035, aðstoðina að undanförmu.

TF3AC var endurkjörinn QSL-mgr og TF3YH stn-mgr.

TF3NA, TF3ST og TF3SV báru upp tillögu þess efnis að Í.R.A. færi þess á leit við P&s að í sérstökum tilvikum yrði úthlutað kallmerkjum með einum bókstaf aftan við tölustaf:

- a) C-leyfishöfum sem hefðu haft amatöraleyfi í a.m.k. 25 ár og sýnt skikkanlega virkni í loftinu,
- b) sérstökum leiðöngrum (DXpeditions). Ofnagreindir aðilar þyrftu ekki að sækja um slíkar kallmerkja-breytingar, heldur væri t.d. OMs frjálst að nota „gamla góða“ kallmerkið svo lengi sem þá lysti. Hér væri því aðeins gefið færi á nýjum möguleika sem ekki var fyrir hendi áður. Nú mun félagið hafa sett skilyrði fyrir meðmælum með slíkum um-sóknum einstakra „old-timers“ og er þess krafizt að þeir hafi staðfest (með QSL-kortum) sambönd við a.m.k. 100 DXCC-lönd.

Félagsmerkið var nokkuð til umræðu (og ekki í fyrsta skipti...) og TF3KB sýndi nokkrar skissur að stöðluðu merki sem gengu manna á milli á fundinum. Var samþykkt að hann héldi áfram að vinna að hönnun merkisins í svipuðum dúr og þessar hugmyndir hans.

Gerð var grein fyrir tillögum Í.R.A. sem voru sendar P&s varðandi kallsvæðamálið og mun endanlegs svars að vænta frá P&s bráðlega. Tillögurnar hlutu góðar undirtektir og verða væntanlega birtar í Fréttabréfinu eins og P&s samþykkir þær, ef allt fer að óskum.

Í lok aðalfundarins var samþykkt að hækka árgjaldið upp í 12.000.- Kr. Fundinum lauk eftir u.þ.b. 4 klst., kl. 1800.

-TF3KX.

Fréttabréfið er nú komið á annað ár og því þykir mér rétt að gera grein fyrir gangi þess og stöðu. Upphafleg hugmynd mín var að gefa út mánaðarlega 1 til 2 fjölritaðar síður, en einhvern veginn þróaðist fréttabréfið út í að verða „lítið blað“ sem útheimti margfalt meiri vinnu en ætlunin var í fyrstu. Líklega má telja það meira af þrákelkni en nauðsyn að Fréttabréfinu hefur verið haldið úti svo reglulega og með slíku umfangi sem raun varð á. Auglýsingar hafa fjármagnað allan tilkostnað við gerð blaðsins til þessa (þ.m.t. fjölrítun) og með því móti má lauslega áætla sparnað Í.R.A. hátt á 3. hundrað þúsund kr.

Nú má fara að vænta þess að Fréttabréfið hætti að koma út og kemur þar tvennt til:

- 1) Ég er önnur kafinn í námi og lítill tími aflögu fyrir blaðaútgáfu, enda hefur Fréttabréfið þrúfaldlega sett mark sitt á námsárangurinn. M.ö.o. er mér að verða um megn að hlaupa bæinn þveran og endilangan í auglýsingasníkjum, safna efni og ganga á skrifbenta innan félagsins sem festa helzt ekkert á blað nema með eftirgangsmunum (jafnt innan stjórnar sem utan), „búa til“ fréttæfni, vélrita og setja upp blaðið, auk fjölmargra óhjákvæmnilegra snúninga annarra.
- 2) Nú vill svo til að ég verð ekki að vinna hér í Reykjavík í sumar þannig að útgáfan legðist niður þann tíma hvort eð er, auk vorsins þegar próf standa yfir.

Einhver kynni að spyrja sem svo, hvort mér væri ekki í lófa lagið að draga saman efni Fréttabréfsins í t.d. 1 til 2 vélritaðar síður eins og upphaflega var ætlunin. Víst væri það hægt, en í slíkt rit fengjust engar auglýsingar, auk þess sem ég hef ekki áhuga á að leggja vinnu í dreifibréf af því tagi. Nú veltur því á öðrum félagsmönnum hvort þessari útgáfustarfsemi verði fram haldið eða ekki.

Ert ÞÚ reiðubúinn að taka við ? ? ?

-73 de TF3KX.

TF3AC hefur nú á boðstólum sérstakar möppur fyrir QSL-kort frá Reykjalundi. Hér er eflaust eitthvað athyglisvert á ferðinni fyrir QSL-safnara (og möppudýrin....).

Skyndinámskeið í útlenzku:

DL/DM	Guten Morgen	Guten Tag	Guten Abend.	Gute Nacht
EA	Buenos días	Buenos días	Buenas tardes	Buenas noches
F	Bonjour	Bonjour	Bonsoir	Bonne nuit
G/W	Good morning	Good afternoon	Good. evening	Good night
I	Buon mattino	Buon giorno	Buona sera	Buona notte
SM	God morgon	God dag	God afton	God natt
OH	Hyvää huomenta	Hyvää päivää	Hyää iltaa	Hyvää yötä
UA	Dobroje Útro	Dobrí dénj	Dobríj vétsér	Spokojnoj notchi
YU	Dobro jutro	Dobar dan	Dobro vétse	Laku notch
4U	Bonan matenon	Bonan tagon	Bonan vesperon	Bonan nokton

DL/DM	Mein ku-teh-hah ist	Rvk. die Hauptstadt	Islands
EA	Mi kú-teh-ahtcheh es	Rvk. la capital de	Islandia
F	Mon kyh-teh-ahsh est	Rvk. la capitale de	l'Islande
G/W	My kjú-tí-eitch. is	Rvk. the capital of	Iceland.
I	Il mio kú-tee-ahkka e	Rvk. la capitale della	Islandia
SM	ku-ti-ho här är	Rvk. Islands	huvudstad.
OH	kú-ti-ho täällä on	Rvk. Islanden	pääkaupunki
UA	Moj kú-teh-hah	Rvk. stolica	Islandiji
YU	Moj kú-teh-hah je	Rvk. glavni grad	Islandske
4U	Mia kú-to-ho estas	Rvk. la cefurbo de	Islando

DL/DM	Mein Name ist...	Ich danke Ihnen für den Anruf	Auf wiederhören
EA	Mi nombre es...	Muchas gracias por su llamada	Hasta la vista
F	Mon nom est...	Merci beaucoup de votre appel	A bientôt
G/W	My name is...	Thanks for your call	Cheerio
I	Il mio nome e...	Tante grazie per la vostra chiamata	Ciao-ciao
SM	Mitt namn är...	Tack för anropet	Hej-hej
OH	Nimeni on...	Kiitos kutsusta	Hei-hei
UA	Ja nazivajus...	Blagodarju vas za vizov	dossvídanja (DSV)
YU	Moje ime je...	Hvala vam na pozivu	zdravo-zdravo
4U	Mia nomo estas...	Dankon pro via alvoko	diras gis reaudon
			JA sayonara
			KH6 aloha

Morse-námskeið fyrir byrjendur á vegum Í.R.A. hefst síðari hluta marz. TF3JB hefur veg og vanda af námskeiðinu, sem er ókeypis fyrir félagsmenn. Þátttökulisti liggur frammi í Í.R.A.

Til sölu:

- Hammarlund Super Pro 600 viðtæki.
- Heathkit HR-10B viðtæki.
- Hallicrafter S-380 viðtæki.
- Heathkit HW-101 sendiviðtæki.

Óskast keypt:

- Notaður FRG-7 móttakari.
- Notuð 2ja metra sendiviðtæki.

Uppl.: Jónas Bjarnason (TF3JB)
S; 83040 (kl. 1700-1900)
22247 -annars.


N.A og C-próf voru haldin fyrir skemmstu og mættu um 4 í hvert próf. Úrslit eru enn ekki komin úr A- og C-prófum, en allir stóðust N-próflöð.

DXCC-listinn:

CQ TEST DE TF3IRA....

TF3SV	260	TF3UA	56	Í mánuðinum tók TF3IRA þátt
TF3CW	204	TF3BS	48	í ARRL DX-keppninni, CW. Þeir
TF3YH	201	TF3GCN	44	sem að þátttökunni stóðu voru:
TF3SG	160	TF3LJ	44	TF3CW, JB (landslíðseinvaldur) og
TF3JB	149	TP3KX	40	YH, auk TF3033 og TF3035.
TF3BB	140	TF5GW	30	Skilyrði voru undir meðallagi, en
TF5DC	140	TF3033	30	samt tókst að ná inn um 2500
TF3035	119	TF3SO	10	samböndum á öllum böndum saman-
TF3US	119	TF3KCN	2	lagt. Þegar þetta er ritað stendur
TF3AC	105	TF3AHN	1	Phonehlutinn fyrir dyrum og er
TF3HM	62	TF5AKU	1	ætlunin að taka einnig þátt þar.

QTC-sendingarnar eru í gangl ö11 föstudagskvöld í umsjá TF3YH á 3525 kHz. Rétt er að minna á að þarna er um fyrirtaks morseæfingar að ræða auk fréttaflutnings úr félaginu.



Hjörðug* hjó TF3 kl. 21.00



Fundarboði: Í félagsheimili Í.R.A. verða haldnir eftirfarandi unaræðu- og fræðslufundir á næstunni. Þeir byrja allir kl. 2100.

- ① Fimmtudaginn 6. mars 1980: Hringborðsfundur með unaræðufnið: "Reglugerðin og sjálfsögðun radíóamatöra".
- ② Fimmtudaginn 20. mars 1980: Fræðslufundur um efnið: "Content þátttaka", TF3CW Content Manager félagsins og TF3JB landsliðsnefndin í síðustu keppni sjá um kynningu.
- ③ Fimmtudaginn 3. apríl 1980: Hringborðsfundur um efnið: "Evernig á að skipuleggja starfsmiða í smíðastöðunni? Hvað vilja menn smíða? o.s.frv."

Skrifvælin hf



PENNAN 44

PAPPÍRS- OG BÍTFANGAVERZLUN
Mollerná - Reykjavík - Sími 4322
Skrifvælin sími 4364

TÍZKUVERZLUN
Lögogsvgi 37 og 89
sími 12861 Reykjavík




VÍSIR
Fyrstur með fréttirnar

Radio
BÚÐIN HF.

Lítt vís í
versluninni
- Skipholti 19, R.
Sími 29800.

GLOBETROTTER

- er kjörlið stuttbylgjuviðteki fyrir alla sem fylgjast með því sem er að gerast í loftinu, samtára sem hlustara.
- Nær yfir stuttbylgjubúðin frá 3.5 til 29.9 MHz.



GLOBETROTTER

NORDMENDE

Ný tegund af „VHF-Converter“ fyrir
144 MHz og Sjóvarp, rás 2-4 og 5-12.

Mikið drval af málitækjum og tengi-
brettum frá C.S.C.

HRINGDU - KOMDU - SKOÐAFU

1980 VORULISTINN FRÁ
JUSTY-KIT KOMINN!!!

 **SAMEIND HF.**

SMYGGATA 46 PÓSDÓP 1102 127 REYKJAVÍK
TÍÐI 81 21266 FAXNÚM. 7473-8014



Fékkst þú þér TROPICANA í morgun? –Sólargelstinn frá FLORIDA–

FJULKRITUNARSTOFA DANIELS RALLDÓRSSONAR hefur f.þ.l.ritað FRÉTTA-
bréfið á vildarkjörum og á þakki skildar fyrir, ásamt anglfösendum
og öðrum stuðningsábilum.

FRÉTTABREP I.R.A.

Ötg.: Íslenskir raðfóamatörar.

-Póstfang: Pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Afsætur: Dugguvogur 1, Rvk.

Ritstj. & öbm.: Kristinn Andersen (TFÖXX), Sólvalling. 59, R.

Efni sendist til: TFÖXX, pósthólf 1058, 121 Rvk.

-Í síðasta lagi 20. hvers mánaðar
fyrir næstu ötgáfu.

